

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 15. júní 2016 kl. 09.00, var haldinn 153. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Halldór Halldórsson og Sigurður Ingi Jónsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Oddrún Helga Oddsdóttir, Sigríður Jónína Jónsdóttir og Helena Stefánsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti, kynning** Mál nr. US160176

Kynning á tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti.
Kynnt.

Erla Sigríður Gestsdóttir frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Anna Margrét Kornelíusdóttir frá Íslenskri NýOrku taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Hildur Sverrisdóttir og Sverrir Bollason taka sæti á fundinum kl. 9:12.

Sigurborg Ó. Haraldsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 9:34.

2. **Dalsel, stöðubann (USK2016060023)** Mál nr. US160172

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 6. júní 2016, þar sem lagt er til að sett verði stöðubann í Dalsel beggja vegna götunnar.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

(A) Skipulagsmál

3. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 10. júní 2016.

4. **Bykoreitur, reitur 1.138, breyting á deiliskipulagi** (01.138) Mál nr. SN160451
070859-2119 Páll Hjalti Hjaltason, Gnitanes 10, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta, dags. 3. júní 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Bykoreits, skv. tillögu að forhönnun, dags. 2. júní 2016. Helstu breytingar eru: að skilgreina fjölda íbúða samkvæmt AR 2010-30 og að skilgreina landnotkun í samræmi við stefnu í AR 2010-30 um aðalgötur.
Kynnt.

Páll Hjalti Hjaltason frá Plúsarkitektum tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Hlíðarendi, breyting á deiliskipulagi** (01.62) Mál nr. SN160460

501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Lögð fram tillaga Alark arkitekta ehf., dags. 7. júní 2016, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda frá 2015. Í breytingunni felst uppfærsla á skilmálatöflu þannig að B og C rými eru færð inn í töflugerðina með tilheyrandi breytingum á nýtingarhlutfalli. Breytingin nær til allra reita í Hlíðarendaskipulagi.
Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmunum annarra en Reykjavíkurborgar og lóðarhafa með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. **Hverfisgata 78, breyting á deiliskipulagi** (01.173) Mál nr. SN160461
690903-4070 Hverfi ehf., Hverfisgötu 78, 101 Reykjavík
090462-2299 Gunnlaugur Jónasson, Hrauntunga 85, 200 Kópavogur
Lögð fram umsókn Hverfis ehf. dags. 5. desember 2013 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 vegna lóðarinnar nr. 78 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að heimilt verði að rífa bakhús og í stað þess verði gert ráð fyrir fjögurra hæða húsi á baklóð ásamt leyfi til að hafa hótél eða gistiheimili á lóðinni, samkvæmt uppdr. Gunnlaugs Jónassonar ark. dags. 5. desember 2013. Einnig er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 19. maí 2016.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

7. **Klapparstígur 19, Veghúsastígur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.152.4) Mál nr. SN160335
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
600269-0979 Ottó ehf., Klettagörðum 23, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. f.h. Ottó ehf., mótt. 27. apríl 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg og nr. 1 við Veghúsastíg. Í breytingunni felst að skilgreindir eru tveir nýjir byggingarreitir á lóð ásamt byggingarreit fyrir smáhýsi. Innan byggingarreits fyrir smáhýsi er heimilt að reisa palla og smáhýsi allt að 2.2 metrum að hæð. Einnig er gert ráð fyrir 6 íbúðum á lóð, en ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóð. Jafnframt verða byggingar á lóð nr. 1 við Veghúsastíg fjarlægðar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 23. maí 2016. Einnig er lögð fram prófunarskýrsla Mannvits vegna cobraborunar, dags. 9. júní 2016.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Skipholt 11-13, breyting á skilmálum deiliskipulags** (01.242.3) Mál nr. SN160430
561214-2200 Ark Studio ehf., Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
530906-0940 RR hótél ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Ark Studio ehf., mótt. 25. maí 2016, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Skipholt 11-13. Í breytingunni felst að heimilað verður að vera með íbúðagistingu (gististað í flokki II) á efri hæðum hússins við Skipholt 11-13, samkvæmt tillögu, dags. 25. maí 2016. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa, dags. 18. apríl 2016.
Synjað.
Vísað til borgarráðs.

Umhverfis- og skipulagsráð bókar: „Umhverfis- og skipulagsráð synjar tillögu um að heimila gististað við Skipholt 11-13. Nýlegt deiliskipulag var gert á forsendum íbúðarbyggðar og er mikilvægt að standa vörð um þegar skipulögð íbúðarsvæði í borginni.“

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Hildur Sverrisdóttir vísar af fundi kl. 11:02 og Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum í hennar stað.

9. **Vogabyggð, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030** Mál nr. SN140317

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. júní 2016, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Vogabyggðar. Í tillögunni felst breyttar heimildir um fjölda íbúða, nánari skilgreining íbúðarbyggðar, skilgreining nýs svæðis fyrir samfélagsþjónustu, breytt lega stíga og breytingar varðandi forgangs röðun byggingarsvæða.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Sverrir Bollason vísar af fundi við afgreiðslu málsins.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Vogabyggð svæði 2, tillaga að** Mál nr. SN140217
deiliskipulagi, norðursvæði milli Tranavogar og Kleppsmýrarvegur

Lögð fram tillaga Teiknistofunnar Traðar, jvantspijker+Felixx og Reykjavíkurborgar, dags. 10. júní 2016, að deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2 fyrir svæðið sem afmarkast milli Tranavogar og að Kleppsmýrarveg. Í tillögunni felst endurskipulagning á svæði sem þjónað hefur hlutverki sínu sem iðnaðar- og athafnasvæði og að mæta aukinni þörf fyrir íbúðir og þjónustumiðaðan atvinnurekstur. Einnig er lagður fram skýringaruppráttur, dags. 10. júní 2016, sneiðingar, dags. 10. júní 2016, og 3D og skuggavarp, dags. 10. júní 2016, almenn greinargerð og skilmálar fyrir innviði, dags. 10. júní 2016 og skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð, dags. 10. júní 2016. Jafnframt er lögð fram umhverfisskýrsla, dags. júní 2016, byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun, dags. 2016, minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, um umferðarhermun, dags. 6. júní 2016 og og úttekt á friðlýstum svæðum í Reykjavík, dags. ágúst 2013.

Samþykkt að auglýsa tillögu samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til Borgarráðs.

Sverrir Bollason vísar af fundi við afgreiðslu málsins.

Halldór Halldórsson vísar af fundi kl. 11:34 og Marta Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum í hans stað.

Sigríður Magnúsdóttir og Hans-Olav Andersen frá teiknistofunni Tröð og Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Tryggvagata 14, breyting á deiliskipulagi** (01.132.1) Mál nr. SN160179
610711-1030 Gláma/Kím ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík
621014-0560 Tryggvagata ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Sigurðar Halldórssonar f.h. Tryggvagötu ehf., mótt. 3. mars 2016, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulagi reits 1.132.1, Naustareits, vegna lóðarinnar nr. 14 við Tryggvagötu. Í breytingunni felst að gerð er krafa um eitt bílastæði á hverja 130 m² fyrir hótélstarfssemi verði ekki unnt að koma fyrir á lóðinni þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um skal heimilt að greiða fyrir þau stæði sem á vantar, samkvæmt tillögu Glámu/Kím ehf., dags. 2. mars 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 15. apríl 2016.

Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 8. júní 2016.

Rétt bókun: Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. apríl 2016.

Vísað til borgarráðs.

(B) Byggingarmál

12. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 879 frá 14. júní 2016.

13. **Austurbakki 2, Hótel** (01.119.801) Mál nr. BN050485
530513-1060 Kolufell ehf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík
- Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 6 hæða hótél, einangrað og klætt að utan með flísum/gluggakerfi, 253 herbergi fyrir 512 gesti, á tveggja hæða kjallara á reit 5A og verður matshluti 06 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
- Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2016. Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 21. janúar og skýrsla um hönnunarforsendur hljóðvistar dags. 21. janúar 2016. Stærð A-rýma: 18.447,6 ferm., 68.426,9 rúmm. B-rými: 490 ferm., 2.005,8 rúmm. Gjald kr. 10.100
- Kynnt.*
14. **Austurbakki 2, Fjölbýlishús - verslunarhúsnæði** (01.119.801) Mál nr. BN050486
530513-1060 Kolufell ehf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík
- Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 6 hæða fjölbýlishús á tveggja hæða kjallara, einangrað og klætt að utan með flísum/málmklæðningu, sjö stigahús með 106 íbúðum og verslun og þjónustu á jarðhæð á reit 5B og verður matshluti 05 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
- Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 21. janúar og skýrsla um hönnunarforsendur hljóðvistar dags. 21. janúar 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2016. Stærð A-rými: 17.408,1 ferm., 62.902,2 rúmm. B-rými: 2.107,8 ferm., 7.110,5 rúmm. C-rými: 64,8 ferm. Gjald kr. 10.100
- Kynnt.*
15. **Mýrargata 27, Raðhús** (01.130.228) Mál nr. BN050570
621102-2220 Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík
- Sótt er um leyfi til að byggja raðhús, tvær hæðir og ris með tveimur íbúðum úr forsmíðuðum timbureiningum á lóð nr. 27 við Mýrargötu.
- Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 1. janúar 2016 og yfirlýsing um verkfræðihönnun frá Víðsjá dags. 12. febrúar 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2016. Stærð A-rými: 182,6 ferm., 634,6 rúmm. B-rými: 5,0 ferm. C-rými: 38 ferm. Gjald kr. 10.100
- Kynnt.*
16. **Mýrargata 29, Raðhús** (01.130.227) Mál nr. BN050567
621102-2220 Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík
- Sótt er um leyfi til að byggja raðhús, tvær hæðir og ris með tveimur íbúðum úr forsmíðuðum timbureiningum á lóð nr. 29 við Mýrargötu.
- Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 1. janúar 2016 og yfirlýsing um verkfræðihönnun frá Víðsjá dags. 12. febrúar 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2016. Stærð A-rými: 182,7 ferm., 657 rúmm. B-rými: 5 ferm. C-rými: 38,1 ferm. Gjald kr. 10.100
- Kynnt.*
17. **Mýrargata 31, Fjölbýlishús** (01.130.226) Mál nr. BN050569
621102-2220 Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

480915-1510 Arwen Holdings ehf., Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tvær hæðir og ris úr forsmíðuðum timbureiningum með tveimur íbúðum á efri hæðum og veitingahúsi í flokki II, teg. kaffihús á jarðhæð á lóð nr. 31 við Mýrargötu.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. í janúar 2016 og yfirlýsing um verkfræðihönnun frá Víðsjá dags. 12. febrúar 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2016. Stærð A-rými: 622,8 ferm., 2.131,3 rúmm. B-rými: 18 ferm C-rými: 73,3 ferm. Gjald kr. 10.100

Kynnt.

18. **Seljavegur 1A, Raðhús** (01.130.225) Mál nr. BN050568

621102-2220 Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

480915-1510 Arwen Holdings ehf., Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja raðhús, tvær hæðir og ris með tveimur íbúðum úr forsmíðuðum timbureiningum á lóð nr. 1A við Seljaveg.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. í janúar 2016 og yfirlýsing um verkfræðihönnun frá Víðsjá dags. 12. febrúar 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2016. Stærð A-rými: 191,7 ferm., 658,4 rúmm. B-rými: 6,7 ferm. C-rými: 39,3 ferm. Gjald kr. 10.100

Kynnt.

19. **Seljavegur 1B, Raðhús** (01.130.224) Mál nr. BN050566

621102-2220 Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

480915-1510 Arwen Holdings ehf., Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja raðhús, tvær hæðir og ris með tveimur íbúðum úr forsmíðuðum timbureiningum á lóð nr. 1B við Seljaveg.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. í janúar 2016 og yfirlýsing um verkfræðihönnun frá Víðsjá dags. 12. febrúar 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2016. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2016. Stærð A-rými: 193,8 ferm., 669,6 rúmm. B-rými: 7,2 ferm. C-rými: 46,3 ferm. Gjald kr. 10.100

Kynnt.

20. **Háaleitisbraut 175, Bráðabirgða** (01.84.-.95) Mál nr. BN051056

skrifstofuhúsnæði - einingar

500300-2130 Landspítali, Eiríksögötu 5, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. maí 2016 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bráðabirgðaskrifstofuhúsnæði úr 18 færanlegum forframleiddum einingum úr stáli og steinull á steypum undirstöðum við austurhlið Landspítans/Borgarspítala á lóð nr. 175 við Háaleitisbraut. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. júní 2016.

Meðfylgjandi er tölvupóstur frá mælingadeild dags. 20.5. 2016. Stærðir: xx ferm og xx rúmm. Gjald kr. 10.100

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og lóðarhafa með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Umhverfis- og skipulagsráð bókar: „Leyfið skal bundið því skilyrði að komi til breyttrar starfsemi á lóðinni skal umrætt bráðbirgðahúsnæði fjarlægð af hálfu lóðarhafa og á kostnað

hans innan 3 mánaða frá samþykkt breytinga. Skal yfirlýsingu þess efnis þinglýst á lóðina fyrir útgáfu byggingarleyfis."

(C) Fyrirspurnir

21. **Borgartún 28, (fsp) hótél** (01.230.1) Mál nr. SN160407
410612-0110 Trípólí sf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar, mótt. 17. maí 2016, um að breyta íbúða- og þjónustubyggingu á lóð nr. 28 við Borgartún í hótél á fimm hæðum með 80-88 hótélherbergjum, samkvæmt tillögu Trípólí arkitekta sf., dags. 11. maí 2016. Einnig er lagt fram bréf Fjeldsted og Blöndal slf., dags. 17. maí 2016. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. júní 2016.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 3. júní 2016.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. **Vesturgata 30, (fsp) niðurrif og uppbygging** (01.131.2) Mál nr. SN160337
661107-0570 Hafnarstræti 1 ehf, Vesturgötu 32, 101 Reykjavík
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
Lögð fram fyrirspurn Grímu arkitekta ehf. f.h. Hafnarstræti 1 ehf., mótt. 27. apríl 2016, varðandi niðurrif og uppbyggingu á lóð nr. 30 við Vesturgötu sem felst m.a. í hækkun sökkuls á núverandi íbúðarhúsi, niðurrifi viðbyggingar sem reist var við norðurhlið hússins og koma baðherbergjum og stiga sem þar eru fyrir inni í húsinu, niðurrifi skúrbygginga á norðurhluta lóðarinnar, byggingu þriggja sambyggðra nýbygginga nyrst á lóðinni o.fl., samkvæmt tillögu Grímu arkitekta ehf., dags. 16. maí 2016. Einnig er lögð fram greinargerð Grímu arkitekta ehf., dags. 22. maí 2016 og frumkostnaðarmat VSÓ ráðgjafar vegna breytinga, dags. 1. október 2015. Jafnframt eru lagðar fram umsagnir Minjastofnunar Íslands, dags. 3. maí 2016 og 23. maí 2016.
Frestað.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

23. **Laugavegur 55, kynning** (01.173.0) Mál nr. SN160363
Kynnt samantekt skipulagsfulltrúa varðandi húsið á lóð nr. 55 við Laugaveg.
Kynnt.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

24. **Betri Reykjavík, laga útivistarsvæði bak við Krónuna við Jaðarsel (USK2016040009)** Mál nr. US160086
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindið „laga útivistarsvæði bak við Krónuna við Jaðarsel“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2016. Erindið var önnur efsta hugmynd marsmánaðar 2016 í málaflokknum umhverfismál. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 8. júní 2016.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 8. júní 2016, samþykkt.

25. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, veggjakrot í borgarlandi** Mál nr. US160181

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Mörtu Guðjónsdóttur og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur: "Mikil aukning hefur orðið á veggjakroti í borginni að undanförunu sem er til mikillar óþrýði og hefur valdið víða spjöllum á eignum bæði í eigu opinberra aðila og eiknaðila. Eru einhverjar áætlanir í gangi um að hreinsa veggjakrotið og fara í marvissar aðgerðir til að draga úr því. Hefur borgin kannað hvort

ekki sé unnt að nota fráhrindandi efni svo ekki sé hægt að speyja málningu á vegg eins og tíðkast víða erlendis."

Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins.

26. **Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sparkvöllur með gervigrasi við Vesturbæjarskóla** Mál nr. US160174
Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. júní 2016, þar sem eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarráðs 28. apríl 2016 er vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs: "Borgarráð beinir því til umhverfis- og skipulagsráðs að við fyrirhugaðrar endurbætur á lóð Vesturbæjarskóla verði leitast við að koma þar fyrir sparkvelli með gervigrasi í auðasturhluta lóðarinnar, í fullri stærð eins fljótt og tíðkast við aðra grunnskóla borgarinnar, í stað lítils vallar. Ljóst er að slíkur völlur mun nýtast sem alhliða leiksvæði fyrir nemendur Vesturbæjarskóla." *Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa framkvæmda og viðhalds.*
27. **Klapparstígur 33, kæra 51/2016, umsögn** (01.172.2) Mál nr. SN160445
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 24. maí 2016 ásamt kæru þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa og byggingarleyfi til að innrétta veitingastað í flokki III á 1.hæð og kjallara Klapparstígs 33, á lóðinni Laugav 22/Klappars 33. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 13. júní 2016. *Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 13. júní 2016, samþykkt.*
28. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á** (01.63) Mál nr. SN160136
deiliskipulagi
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2016, vegna samþykktar borgarráðs s.d. um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Vísindagarða.
29. **Keilugrandi/Boðagrandi/Fjörugrandi,** (01.513.3) Mál nr. SN150467
breyting á deiliskipulagi
130473-5559 Jón Valgeir Björnsson, Brávallagata 4, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2016, vegna samþykktar borgarráðs s.d. um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 1 við Keilugranda auk lóða Fjörugranda og sléttar tölur Boðagranda.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Sigurborg Ó. Haraldsdóttir

Sverrir Bollason
Marta Guðjónsdóttir
Sigurður Ingi Jónsson

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 14. júní kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 879. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Olga Hrunn Sverrisdóttir, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Eva Geirsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Amtmannsstígur 1** (01.170.101) 101328 Mál nr. BN051214
571212-0210 FÍ Fasteignafélag slhf., Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja pall framan við inngang og koma fyrir borðum til útiveitinga við veitingahúsið Torfuna á lóð nr. 1 við Amtmannsstíg.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Baldursgata 7A** (01.184.443) 102103 Mál nr. BN051186
060870-5359 Margrét Harðardóttir, Sóleyjarimi 59, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á norðurhlið, breyta innra skipulagi og innrétta tvær íbúðir á 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 7A við Baldursgötu.
Erindi fylgir jákvæð fyrirspurn sama efnis, BN05062 dags. 22. mars 2016.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Barónsstígur 47** (01.193.101) 102532 Mál nr. BN051131
710304-3350 Álftavatn ehf., Pósthólf 4108, 124 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta hluta annarrar hæðar úr skrifstofurými í gististað í notkunarflokki 4, sömuleiðis setustofu á 1. hæð og bæta við flóttaleið og hringstiga á milli 1. og 2. hæðar þannig að úr verður gististaður í flokki V, teg. gistiheimili fyrir samtals 152 gesti í Heilsuverndarstöðinni á lóð nr. 47 við Barónsstíg.
Jafnframt er erindi BN050930 dregið til baka.
Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23.5. 2016 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 12. maí 2016.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN051235
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049912, klæðning og gluggasetning breytist ásamt því að burðarvirki og brunavarnir eru uppfærðar í verslunar- og skrifstofuhúsinu H2 á lóð nr. 8-16 við Borgartún.
Erindi fylgir uppfærð brunahönnunarskýrsla frá EFLU dags. 1. júní 2016.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Brautarholt 4-4A** (01.241.203) 103021 Mál nr. BN051196
571298-2529 Þak, byggingafélag ehf., Kringlunni 4-6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á baklóð, stækka glugga og koma fyrir svölum á báðar hliðar, koma fyrir lyftu og innrétta 13 íbúðir á 1. - 3. hæð atvinnuhúss nr. 4, mhl. 01 á lóð nr.4-4A við Brautarholt.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

6. **Bríetartún 6** (01.222.102) 102838 Mál nr. BN051055
 530308-0570 Motown ehf., Sunnuflöt 5, 210 Garðabær
 Sótt er um leyfi til að byggja kvist á þakíbúð 0401, sbr. samþykkt erindi 794/89 dags. 31.8. 1989 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 6 Við Bríetartún.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. júní 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2016.
 Meðfylgjandi er samþykki meðeigenda.
 Stækkun 7 ferm., 22,3 rúmm.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
7. **Eirhöfði 2-4** (04.030.101) 110517 Mál nr. BN051154
 691209-1480 Tvíhorf sf., Grandagarði 5, 101 Reykjavík
 520402-2410 Vagneignir ehf., Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík
 560988-1689 Norðurfari ehf., Krossalind 23, 201 Kópavogur
 Sótt er um leyfi til að breyta núverandi límréshúsi og byggja við það stálgrindarhús til að koma fyrir hjólbarðaverkstæði og koma fyrir millilofti í suðvesturhorni sem nota á undir skrifstofur hússins á lóð nr. 2 til 4 við Eirhöfða.
 Stækkun við byggingu mhl. 01: 1.160,0 ferm., 6.615,6 rúmm. B rými 8,5 ferm., XX rúmm. Olíu- og sandskilja mhl.02 stærð 4,2 ferm., 12,5 rúmm.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
8. **Fagribær 13** (04.351.501) 111147 Mál nr. BN051245
 100673-4799 Jón Björgvin Stefánsson, Fagribær 13, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að fjarlægja burðarvegg í einbýlishúsi á lóð nr. 13 við Fagrabæ.
 Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 31. maí 2016 fylgir erindinu.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
9. **Fákafen 9** (01.463.401) 105678 Mál nr. BN051242
 640100-4190 Masan Edda ehf., Fákafeni 9, 108 Reykjavík
 250360-4289 Guðrún Erla Sumarliðadóttir, Bjargslundur 15, 270 Mosfellsbær
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í rými 0102, sjá erindi BN044033, v/lokaúttektar í húsinu á lóð nr. 9 við Fákafen.
 Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. **Fjarðarás 10** (04.372.211) 111317 Mál nr. BN051237
 100939-3719 Jón Sigurður Kjartansson, Fjarðarás 10, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu vestan við einbýlishús á lóð nr. 10 við Fjarðarás.
 Stækkun: 39,7 ferm., 111,4 rúmm.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
11. **Frakkastígur 8** (01.172.109) 101446 Mál nr. BN050783
 500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja úr steinsteypu 4. áfanga, mhl. 01, íbúðir á öllum efri hæðum, niðurgrafinn bílakjallara og geymslur, verslanir og veitingahús á 1. hæð, sem tengist 1. og 2. áfanga, fjölbýlishús á lóð nr. 8 við Frakkastíg.

Stærðir: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

12. **Friggjarbrunnur 47** (02.693.402) 205817 Mál nr. BN051188
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjölga eignarhaldi í dreifistöð OR þannig að séreignir verða þrjár í húsinu mhl. 01 á lóð nr. 47 við Friggjarbrunn.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
13. **Fríkirkjuvegur 11** (01.183.413) 101973 Mál nr. BN050726
631007-1630 Novator F11 ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að útbúa geymslu núverandi tröppum við aðalinngang, byggja svalir við kvist á rishæð og gera smávægilegar breytingar á innra skipulagi húss, sjá erindi BN049604, á lóð nr. 11 við Fríkirkjuveg.
Meðfylgjandi er bréf arkitekts dags. 5. apríl 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags, 9. mars 2016 og tölvupóstur frá sama aðila dags. 18.5. 2016.
Stækkun: 19,6 ferm., 50,0 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Nikulás Úlfar Músson byggingarfulltrúi vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Óskar Torfi Þorvaldsson yfirverkfræðingur tók sæti hans.
14. **Garðastræti 6** (01.136.011) 100514 Mál nr. BN051253
620169-1539 Hjálpræðisherinn á Íslandi, Garðastræti 38, 101 Reykjavík
Sótt er um samþykki á þegar uppfærðum endurbótum á brunavörnum í kjallara og á 1. hæð í húsi á lóð nr. 6 við Garðastræti.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. **Garðsendi 13** (01.824.306) 108418 Mál nr. BN050974
090686-6159 Alexander Dungal, Garðsendi 13, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja utanáliggjandi stigahús á suðurhlið einbýlishúss á lóð nr. 13 við Garðsenda.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. maí 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2016.
Stækkun: 5,3 ferm., 22,2 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
Grenndarkynningu ólokið.
16. **Garðsendi 3** (01.824.403) 108422 Mál nr. BN051202
640513-0470 Garðsendi fasteignafélag ehf., Garðsenda 3, 108 Reykjavík
160572-3969 Valdimar Kristinsson, Garðsendi 3, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að staðsteypa viðbyggingu til suðurs og breyta formi þaks á húsi á lóð nr. 3 við Garðsenda.

Neikvæð umsögn skipulagsfulltrúa frá 19. mars 2014, jákvæð umsögn skipulagsfulltrúa frá 23. maí 2014 og ástandsskoðun á húsi dags. 1. febrúar 2012 fylgja erindinu.

Stækkun: 69,0 ferm., 262,3 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

17. **Grandagarður 101** (01.114.101) 100042 Mál nr. BN051244
310544-3969 Sigurður R Gíslason, Sólvallagata 84, 101 Reykjavík
090581-5039 Sara Andrea Hochuli, Sviss, Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi, uppfærsla á salernissaðstöðu, aðstaða fyrir strætisvagnabílstjóra fjarlægð og sett upp lageraðstaða, kælar og frystar og að auki er stafsmannaaðstaða sett upp í rými þar sem áður voru kælar á veitingarstað í flokki II í húsi á lóð nr. 101 við Grandagarð.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
18. **Grandavegur 42** (01.520.401) 216910 Mál nr. BN051206
671106-0750 Þingvangur ehf., Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur
